

## FUNDARGERÐ

<b>Nefnd:</b>	Starfsmatsnefnd
<b>Efni:</b>	<i>126. fundur starfsmatsnefndar</i>
<b>Viðstaddir:</b>	Helga Björg Ragnarsdóttir; Krístrún Einarsdóttir; Anna Helgadóttir; Ingi Geir Hreinsson; Steinvör Laufey Jónsdóttir; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Vignir Eypórsson
<b>Fundardagur:</b>	05/28/2013
<b>Tími:</b>	09:15 AM - 11:45 AM
<b>Fundarstaður:</b>	Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

---

126. fundur Starfsmatsnefndar haldin í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

Þriðjudaginn 28.05.2013 og hófst hann kl. 10.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Eflingu), Halldór Gunnarsson (StRv).

Vignir Eypórsson (VM)

Mætt af hálfu Rvk: Helga Björg Ragnarsdóttir, Anna Helgadóttir og Krístrún Einarsdóttir.

Starfsmenn Starfsmats: Laufey Jónsdóttir og Ingi Geir Hreinsson.

Fundargerð samþykkt og fyrir tekið:

### **I. Áður framlagðar tillögur til nefndar að mati á nýjum störfum.**

Mál nr. 2013- 95 USK6100umsjónarmaður vélaverkstæðis. Tillaga að mati 486 stig.

Afgreiðsla samþykkt.

Mál nr. 2013- 90 VEL6500stuðningráðgjafi búsetuþjónustu. Tillaga að mati 507 stig.

Afgreiðsla samþykkt.

Mál nr. 2013- 93 VEL6100/6500deildarstjóri búsetuþjónustu. Tillaga að mati 556 stig.

Afgreiðsla samþykkt.

Mál nr. 2013- 91 VEL6100/6500teymisstjóri heimaþjónustu. Tillaga að mati 585 stig.

Afgreiðsla samþykkt.

### **II. Endurmatsbeiðni í vinnslu nefndar.**

Mál nr. 2012- 88 Endurmat nr. 2012-159 MOF6100skrifstofustjóri LS. Í vinnslu nefndar, beiðni eftir frekari gögnum fá sviði. Afgreiðslu frestað.

### **III. Kynning á nýrri endurmatsbeiðni til nefndar.**

Beiðni um endurmat á starfi USK3621rafvirkjameistari lögð fram til kynningar. Starfsmatsnefnd getur ekki að svo stöddu tekið viðkomandi beiðni til afgreiðslu og óskar eftir frekari gögnum í samræmi við reglur um endurmat starfa. Afgreiðslu á móttöku beiðni synjað.

### **IV. Endurmatsbeiðnir í vinnslu starfsmatsráðgjafa.**

Mál nr. 2012- 74 Endurmat nr. 2012-147 VEL6500/8560/8570deildarstjóri þjónustumiðstöð.

Mál nr. 2012- 81 Endurmat nr. 2012-152 MOF6500/8590verkefnisstjóri (BBS).

Mál nr. 2012- 82 Endurmat nr. 2012-153 MOF6500/8590safnstjóri (BBS).

Mál nr. 2012- 85 Endurmat nr. 2012-156 VEL6500/5330/8560/8570verkefnastjóri þekkingarmiðstöð.

Mál nr. 2012- 89 Endurmat nr. 2012-160 SFS6500frístundaráðgjafi- verkefnastjóri.

## **V. Önnur mál.**

Starfsreglur starfsmatsnefndar, enn í vinnslu nefndar.

5 ára endurskoðun starfa í starfsmati, Ragnar Ólason fulltrúi Eflingar óskaði eftir upplýsingum um stöðu á málum varðandi 5 ára endurskoðun starfa í starfsmati.

Í vetur var fundað með öllum starfsmannastjórum sviðanna, þar sem farið var yfir vinnulag varðandi endurskoðun starfa og jafnframt var óskað eftir að sviðin færu í þá vinnu að uppfæra/endurskoða starfslýsingar fyrir öll virk störf í starfsmati í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Engar starfslýsingar hafa þó borist frá sviðunum enn sem komið er, en vitað er að þessi vinna er í gangi þó hún sé misjafnlega langt á veg komin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl.11.35.

Næsti fundur nefndar verður þriðjudaginn 4 júní 2013. kl. 10.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.